



Ársskýrsla Trans Íslands

Starfsárið 2024–2025

Lögð fyrir aðalfund 4. mars 2025

Inngangur

Starfsár Trans Íslands var annasamt að vanda. Líkt og síðustu ár voru heilbrigðismálin ofarlega á baugi og mikið þúður fór í þau en einnig var viðburðastarf afar öflugt á árinu. Töluverður kraftur var einnig settur í að þrýsta á breytingar á lögum og reglugerðum sem og að sinna tilfallandi verkefnum og að aðstoða meðlimi samfélagsins. Ýmsum innri verkefnum hefur verið ýtt úr vör sem fellur nýrri stjórn í skaut að leiða til lykta á næsta starfsári, svo sem uppfærslu á útliti félagsins og gerð nýs vefs á þeim grunni.

Lagaleg réttindi

Þau stóru tíðindi urðu á starfsárinu að reglugerð um hollustuhætti var loksins uppfærð í samræmi við lög um kynrænt sjálfræði. Með þeirri breytingu eru rekstraraðilar því skyldugir til að bjóða upp á kynhlutlaus salerni. Trans Ísland átti í samráði við ráðuneytið áður en reglugerðin leit dagsins ljós og talaði félagið fyrir þeirri aðferð sem farin var í lokaútgáfunni, að leggja til að meginreglan sé að salerni séu aðstöðumerkt, með myndum af því sem er til staðar í hverju rými, en ef þau eru kynjamerkt þá skuli hlutlaus aðstaða einnig vera til staðar. Trans Ísland átti einnig í samráði við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um sambærilega uppfærslu á reglum um húsnæði vinnustaða (nr. 581/1995) og þrýsti mikið og reglulega á úrbætur á þeim, en þær breytingar hafa enn ekki litið dagsins ljós.

Trans Ísland átti sem fyrr í góðu samstarfi og samráði við Andrés Inga Jónsson, þáverandi og nú fyrrverandi þingmann Pírata. Andrés lagði aftur fram frumvarp sitt um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks, nú með þeirri breytingu að í stað aukavegabréfa var mælt fyrir því að kynsegin einstaklingar fengju að velja hver kynskráning þeirra væri á vegabréfi við umsókn. Frumvarpið kom þó ekki til afgreiðslu eftir 1. umræðu vegna ríkisstjórnarslita og alþingiskosninga sem þeim fylgdu. Andrés hlaut ekki endurkjör sem þingmaður en hefur engu að síður verið okkur innan handa og leiðbeint okkur með mál sem tengjast lagalegum réttindum. Í desember heiðraði félagið Andrés fyrir framlag sitt til réttindabaráttu trans fólks og fyrir gott og gjöfult samstarf síðustu ár. Það er okkar von að sem flestir nýkjörnir þingmenn taki sér Andrés Inga til fyrirmyndar og verði sterkir bandamenn trans fólks.

Auk áðurnefnds sendi Trans Ísland inn umsagnir um þingmál og reglugerðardrög til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda, bæði vegna frumvarps Andrésar og vegna annarra mála sem tengjast réttindum trans fólks með óbeinni hætti; áform um frumvarp til breytinga á lögum um vegabréf og drög að reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, til að hvetja til þess að réttindi trans fólks í þeim efnunum yrðu bætt í leiðinni og að hugað væri að þörfum þess hóps, til dæmis með því að passa að útilokandi orðalag væri ekki notað.

Heilbrigðismál

Trans Ísland átti í góðu og reglulegu samráði við transteymi fullorðinna á Landspítala á starfsárinu. Því miður er staðan í heilbrigðiskerfinu langt frá því að vera viðunandi, eins og svo oft áður. Ýmislegt gott gerðist þó á starfsárinu og má þar á meðal nefna að biðlistar vegna hormónaþerðar hafa styst til muna eftir að Elizabeth Henderson McElrea tók til starfa sem læknir transteymisins í upphafi starfsársins og teymið fór þar með sjálfst að skrifa upp á hormónalyf án aðkomu innkirtladeildar. Þar að auki flutti teymið úr Fossvogi í mun stærra húsnæði að Skógarhlíð 8 og jókst afkastageta þess til muna við það. Trans Ísland átti einnig í samráði við transteymi BUGL og fundaði með starfsfólki þess.

Biðlistar vegna neðri aðgerða transfeminine fólks hafa einnig styðst til muna vegna góðs gengis á aðgerðum hjá Medische kliniek Velsen í Hollandi, sem fóru upphaflega af stað á síðasta starfsári. Landspítali hefur sömuleiðis samið við aðra hollenska klíník, Gender Clinic, og hefur nú þegar hópur trans kvenna frá Íslandi undirgengist aðgerðir þar. Transteymi Landspítala hefur séð um eftirfylgni eftir þær aðgerðir og hefur teymið ráðið til sín hjúkrunarfræðing. Samtal hefur átt sér stað á milli transteymisins og klíníkur í Frakklandi vegna neðri aðgerða fyrir transmasculine einstaklinga, auk þess sem teymið hefur átt í samskiptum við Sjúkratryggingar Íslands um praktísk atriði því tengd, en enn sem komið er hefur enginn undirgengist aðgerð í gegnum það samstarf.

Í ágúst fór Halla Fróðadóttir í leyfi frá störfum við Landspítala og hætti Landspítali þar með að framkvæma brjóstnámsaðgerðir á trans fólki, en til stendur hjá Landspítala að fara í átak sem vonir standa til um að trans fólk geti verið hluti af. Vandamál hafa komið upp tengd framkvæmd brjóstnámsaðgerða á einkastofum sem enn er unnið að því að taka á og hefur lögfræðingur Samtakanna '78 verið að skoða rétt skjólstæðinga. Samhliða því hefur verið þrýst á stjórnvöld að tryggja fulla greiðsluþátttöku í reglugerðum og gera þannig einkaaðilum kleift að framkvæma aðgerðirnar án þess að þurfa að greiða með þeim eða velta öllum kostnaði á skjólstæðinga sína.

Samtökin '78 funduðu með nýjum heilbrigðisráðherra, Ölmu D. Möller, og komu á framfæri við hana ósk um að tillögur starfshóps um ýmsar laga- og reglubreytingar vegna laga um kynrænt sjálfræði, sem voru unnar fyrir forsætisráðuneytið og gefnar út í september 2020, yrðu innleiddar. Trans Ísland heldur áfram að leggja áherslu á að þessar tillögur verði að veruleika, enda sjálfsagt réttindamál sem yrði til þess fallið að stórbæta lífsgæði trans fólks á Íslandi en síðustu tvær ríkisstjórnir hafa dregið lappirnar í.

Viðburðir

Trans Ísland hélt alls 11 félagslega viðburði á starfsárinu, auk þess sem vikulegu íþróttatímarnir *Sterkari saman* héldu áfram göngu sinni undir merkjum félagsins, en þeir voru 39 talsins. Einnig tók Trans Ísland þátt í að halda viðburði í samvinnu við önnur félög og við sérstök tilefni. Má þar nefna fyrirlestur sem Alex Diljar, varaforseti félagsins, hélt á Jafnréttisdögum háskólanna í febrúar, og *Pikknikk* á Borgarbókasafninu í Grófinni, sem Reyn Alpha, forseti, og Jóhann Kristian, meðstjórnandi, tóku þátt í að halda í samstarfi við Borgarbókasafnið og Samtökin '78. Allir viðburðir félagsins voru gjaldfrjálssir og lagði Trans Ísland almennt út fyrir kostnaði við þá og naut liðsinnis sjálfbóðaliða í stjórn sem utan hennar. Trans Ísland tók auk þess þátt í að standa fyrir ýmsum mótmælum. Líkt og á síðasta starfsári virkjaði stjórn Trans Íslands 11. grein laga félagsins og skipaði annars vegar viðburðanefnd, sem starfaði allt árið og bar þungann af skipulagningu viðburða félagsins, og hins vegar pridenevnd, sem starfaði tímabundið fram að Hinsegin dögum og sá um skipulagningu og útfærslu gleðigönguatriðis félagsins.

Í desember hélt Trans Ísland viðburð í samstarfi við Höllu Kolbeinsdóttur og Sowj Kudva, sem klippti og framleiddi stuttmyndina *All the Words But the One*, sem trans leikkonan Nava Mau samdi og lék aðalhlutverkið í. Félagið stóð fyrir sýningu á myndinni í Bíó Paradís auk umræðna með Sowj eftir myndina og tók við frjálsum framlögum frá gestum upp í kostnað við sýninguna. Arna Magnea Danks stýrði umræðum.

Hinir þrír árlegu viðburðir félagsins voru á sínum stað. Í mars var hin árlega Kváradagsgleði haldin í annað sinn á Loft Hostel, skipulögð af stjórn Trans Íslands ásamt fyrrverandi stjórn félagsins og Samtökunum '78, en þar stýrðu Ólöf Bjarki Antons og Lady Zadude barsvari með dragívafi. Pridegrill Trans Íslands var haldið á Klambratúni á Hinsegin dögum að venju og var mjög vel mætt þangað líkt og fyrri ár. Trans Ísland sá um að útvega mat og drykki auk þess að skipuleggja leiki og redda hoppukastala. Auk okkar frábæru sjálfbóðaliða viljum við sérstaklega þakka Ölgerðinni, Danól og IKEA á Íslandi fyrir að styrkja okkur um stóran hluta veitinganna.

Að lokum var haldin minningarstund í Regnbogasál Samtakanna '78 á minningardegi trans fólks þann 20. nóvember, með ávörpum, tónlist, hugvekju og samverustund.

Trans Ísland tók þátt í gleðigöngu Hinsegin daga en brá út af áherslum síðustu ára og setti fókusinn í þetta sinn á trans gleði og allt það fallega og jákvæða við trans tilveru. Trans fólki var lyft upp, bókstaflega, á pallbíl sem var skreyttur í fánalitunum og bar spurninguna „Hvað er trans gleði?“. Mikil ánægja var með atriðið og þótt baráttuandinn sé aldrei langt undan þá var kærkomin tilbreyting að fá að fagna öllu því frábæra við trans tilveru.

Fjármál

Lítið var um markvissa fjáröflunarvinnu á starfsárinu sökum góðrar fjárhagsstöðu félagsins eftir rekstrarafgang síðustu ára. Félagið nýtti góða fjárhagsstöðu sína enn fremur til að halda veglegri viðburði en oft áður, sem er okkar mat að hafi verið mjög þarft í því andrúmslofti sem við búum nú við.

210.000 kr. söfnuðust til félagsins í áheimum í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka og einnig hlaut félagið nokkra styrki frá einstaklingum. Hluti af ágóðanum af dragsýningunni *Gender Reveal* sem Vesen hélt rann til Trans Íslands og þökkum við kærlega fyrir þann stuðning. Trans Ísland hlaut 150.000 kr. styrk úr Gleðigöngupotti Hinsegin daga, sem gekk upp í kostnað við atriði félagsins. Einnig hlaut félagið 150.000 kr. styrk frá Samkaupum. Stjórn félagsins sótti styrki frá fyrirtækjum í formi veitinga og vinninga fyrir stærri viðburði félagsins og við þökkum öllum þeim fyrirtækjum kærlega sem tóku þátt í að gera þá að veruleika.

Styrktarsjóðurinn Blær hefur áfram nýst til að greiða fyrir hluta kostnaðar við útgáfu nýrra skilríkja trans fólks í kjölfar nafn- og kynskráningarbreytinga. Sjóðurinn tæmdist á starfsárinu vegna mikillar aðsóknar en félagið nýtti hluta af styrk sem það hlaut á árinu til að halda sjóðnum gangandi og stendur hann enn trans fólki til boða.

Samvinna og ráðstefnur

Trans Ísland átti sem fyrr í góðu og nánu samtali og gagnkvæmu samstarfi við Samtökin '78 á starfsárinu. Í kjölfar gildistöku nýrrar reglugerðar um hollustuhætti með ákvæði um kynhlutlaus salerni var ákveðið að blása til samkeppni um tákni fyrir kynhlutlaus rými, sem Samtökin '78 standa að ásamt Trans Íslandi, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Félagi íslenskra teiknara. Það hefur verið mikil vöntun á almennu tákni fyrir kynhlutlaus rými og gæti því orðið svo að niðurstaða þessarar samkeppni hefði áhrif langt út fyrir landsteinana. Forseti Trans Íslands situr í dómnefnd samkeppninnar og er stefnt að því að kynna niðurstöður hennar á Hönnunarsíðu Mars í apríl á þessu ári.

Á starfsárinu héldu áfram fundir vinnuhóps um trans fólk í íþróttum, með fulltrúum frá Trans Íslandi, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Reykjavíkurborg. Markmið hópsins að svo stöddu er að vinna að móttökuáætlun fyrir trans fólk í íþróttum. Slík móttökuáætlun er til fyrir börn upp að 12 ára aldri og næst á dagskrá er að vinna að áætlun fyrir ungmenni 12 ára og eldri. Síðan er stefnt að því að vinna almenna áætlun fyrir trans fólk í íþróttum og svo loks áætlun fyrir trans fólk í afreksíþróttum. Vinnan komst ekki langt þetta árið en góð samtöl áttu sér stað, þá sérstaklega um mikilvægi þess að heyra raddir trans fólks sem er að stunda íþróttir til þess að vita hvernig væri best að háttá móttökuáætlunum fyrir hvern hóp fyrir sig.

Í maí hélt varaforseti Trans Íslands til Haag í Hollandi á hina árlegu evrópsku ráðstefnu IDAHOT+ Forum, sem haldin var í 11. skipti. Mikið var um áhugaverða fyrirlestra og vinnustofur og mikla þekkingu var að sækja í reynslusögur frá öðrum Evrópuríkjum. Fjöldi fólks sótti ráðstefnuna, annars vegar frá öðrum félögum og grasrótahreyfingum með tengsl við ILGA-Europe og hins vegar frá opinberri stjórnsýslu. Hinsegin- og transréttindakort ILGA-Europe og Transgender Europe voru kynnt á ráðstefnunni og trónir Ísland á toppi lista Evrópulanda yfir lagaleg réttindi trans fólks og vermir annað sætið á hinseginréttindakortinu. Sem eini fulltrúi Íslands á ráðstefnunni hafði varaforseti því vart undan því að svara spurningum annarra ráðstefnugesta um það hvernig væri að vera í fyrsta sæti. Heilt yfir styrkti ráðstefnan tengslanet félagsins og veitti innsýn í hvað er að gerast í hinsegin- og transmálefnum í Evrópu.

Í október fóru varaforseti og gjaldkeri til Oslóar á tveggja daga vinnustofu um hatur og ofbeldi gegn hinsegin fólki, sem var haldin af Nordic Safe Cities í samstarfi við Centre for the Prevention of Radicalization Leading to Violence. Vinnustofan var lærdómsrík og gagnleg fyrir félagið og fulltrúar þess kynntust mörgu góðu fólki frá Norðurlöndunum sem er og verður áfram dýrmætt að geta leitað til. Út frá þessari vinnustofu var samnorræna verkefninu *Öruggari hinsegin borgir* komið á laggirnar, en Reykjavík verður fyrsta borgin þar sem því verður hrint í framkvæmd. Markmið verkefnisins er að gera Norðurlöndin öruggari fyrir hinsegin fólk og verður byrjað á að gera rannsókn á hatri og áreitni í garð hinsegin fólks. Trans Ísland á fulltrúa í vinnuhópi þessa verkefnis.

Lokaorð

Undirrituð eru hæstánægð með farsælt starfsár, þau verk sem unnin voru og þau verkefni sem hefur verið ýtt úr vör. Við þökkum kærlega fyrir samfylgdina á liðnu ári og óskum nýrri stjórn alls hins besta.

Stjórn Trans Íslands 2024–2025

Reyn Alpha Magnúsdóttir – forseti

Alex Diljar Birkisbur Hellsing – varaforseti

Ari Logn – ritari

Aró Berg Jónasar – gjaldkeri

Jóhann Kristian Jóhannsson – meðstjórnandi

